

1868.

Um þetta skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það, að stjórnarráðið hefir ekki neitt á móti, að síra Þorsteini Einarssyni sé veitt 4 rd. þóknun á ári fyrir þetta ómak sitt, frá 1. aprílmán. 1868, og hefir landfógetanum á Íslandi verið skrifað í dag um að borga upphæð þessa úr jarðabókarsjóðnum.

11. janúar.

3. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um kirkjugjöldin í Víðihóls sókn.

14. janúar.

Eptir að kirkju- og kennslustjórnin hafði borið upp fyrir konungi málefni það, sem um er rædt í bréfi yðar, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, dagsettu 18. septembermán. f. á., hefir hans hátign þóknast samkvæmt þegnlegum uppástungum stjórnarráðsins 3. þ. m. að fallast á, að frá því að Skinnastaða prestakall næst verður laust megi allar lögboðnar kirkjutekjur af bæjunum í Víðihóls sókn og frá ábúendum þeirra renna til Víðihóls kirkju í stað Skinnastaða kirkju, en að Skinnastaða kirkja aptur frá sama tíma skuli verða laus við skuldbindingu þá, sem á hana er lögð í konungsrúskurði 24. októbermán. 1859 3. lið¹.

Þetta skal yður hér með til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það.

4. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um sölu á jörðinni Grímstungu.

14. janúar.

Með bréfi dagsettu 17. septembermán. f. á. hafði þér, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, sent hingað bænar-

¹) sjá bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar 24. desbr. 1859, Stjórn. tíð. I, 321—322.

1868.

14. janúar.

skrá með meðmælingum hlutaðeigandi sóknarprests og prófasts, þar sem ábúandinn á lén sjörðinni Grímstungu, Jón sjálfseignar-bóndi Skúlason, sækir um að fá tæða jörð til kaups, annaðhvort fyrir 3500 rd. og þannig, að hann sé laus við að gjalda hlutaðeigandi sóknarpresti hálfar kúgildaleigur, eða fyrir 3200 rd. án þess að leysast undan leignagjaldinu. Hafið þér getið þess, að jarðirnar Kot og Káradalstunga, sem eru eign Grímstungu kirkju, en ekki liggja undir jörðina Grímstungu sjálfa, ættu ekki að fylgja henni í kaupinu, heldur leggjast undir Undirfells kirkju, eins og í raun og veru hefir átt sér stað síðan að brauðin voru sameinuð, og hafið þér lagt fram með, að beiðandinn fái jörðina til kaups fyrir hið fyrra boð sitt.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það, að jafnvel þó að vör seum yður samdóma um, að það væri hlutaðeigandi prestakalli í hag, að jörðin Grímstunga með kirkjunni þar væri seld eins og stungið er uppá, þá stendur þar í vegi grundvallarregla sú, sem látin er í ljósi í konungsbréfi 30. júnímán. 1786: að þegar seld sé jörð, þar sem kirkja stendur, þá eigi allar hinar jarðirnar, sem liggja til kirkjunnar, að fylgja með í kaupinu og megi aldrei seljast undan henni, svo að stjórnarráðið treystist ekki að leggja til með, að konungur fallist á söluna, meðan að skilmálarnir fyrir henni eru þeir, að jarðirnar Kot og Káradalstunga, sem eptir því sem sagt er í áður nefndu bréfi yðar verða að álítast eign Grímstungu kirkju sjálfrar, en ekki brauðsins, skuli teknar undan Grímstungu kirkju og lagðar undir Undirfells kirkju, og sé svo, að kirkjan á Grímstungu eigi jarðir þessar, verður það ekki álititð rétt, að þær hafa verið lagðar undir Undirfells kirkju, síðan að bæði brauðin voru sameinuð, því að tekjurnar af jörðunum hefðu átt að renna í sjóð Grímstungu kirkju og leggjast til portionar hennar.